Fréttatilkynning
18 November 2025 16:54:00 GMT

# Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út skuldabréf í sænskum og norskum krónum sem telja til viðbótar eiginfjárþáttar 1

**Íslandsbanki hefur í dag gefið út skuldabréf sem telja til viðbótar eiginfjárþáttar 1 og eru útgáfurnar liður í bestun á efnahagsreikningi bankans. Útgáfurnar eru að fjárhæð 700 milljónir sænskra króna og 200 milljónir norskra króna án lokagjalddaga en með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5.25 ár.**

Umframeftirspurn var eftir útgáfunum sem voru seldar var til fjárfesta í Skandinavíu og á meginlandi Evrópu.

Útgáfan í sænskum krónum ber 350 punkta álag ofan á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum og norska útgáfan ber 358 punkta álag ofan á þriggja mánaða millibankavexti í norskum krónum. Útgáfurnar fela í sér tímabundna niðurfærslu (e. temporary writedown) lækki hlutfall almenns eiginfjár þáttar 1 (e. CET 1) niður fyrir 5,125%.

Stefnt er að skráningu skuldabréfanna í Kauphöllina í Stokkhólmi innan 30 daga.

Umsjónaraðilar eru DNB Carnegie, Nordea Bank Abp and Swedbank AB.

**Frekari upplýsingar veita:**
Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

**Viðhengi**
**Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út skuldabréf í sænskum og norskum krónum sem telja til viðbótar eiginfjárþáttar 1**